

Ed.

29. Frumvarp til laga

[28. mál]

um breyting á lögum nr. 41 frá 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

8. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Nú fær héraðsdómari áreiðanlega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skipta, sé um landamerki eða ítak, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar samkvæmt fyrirætlum laga þessara, og kveður dómari þá aðila þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annað hvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðilar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal dómari leita sátta með aðilum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður dómismálaráðherra, í hvort þeirra skuli farið með málið.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ef sáttatilaun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal héraðsdómari þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðilar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með héraðsdómara, er stýrir dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá héraðsdómari gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómsæti, eftir að dómruðning hefur farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal héraðsdómari þá nefna 3 menn í hans stað í dóm, enda fer um ruðning sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því, svo fljótt sem unnt er.

Hverjum manni, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sér ráðandi, heill og hraustur, er skylt að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslumanna.

Kaup og ferðakostnaður dómenda í merkjadómi greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lagaákvæðum, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 7. og 8. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1919, greiða málsaðilar kaup og ferðakostnað merkjadómsmanna. Það er ósanngjörn regla, og í algeru ósamræmi við almennar reglur um dómgæzlu nú á dögum, en samkvæmt þeim eru laun dómenda greidd af almannafé. Ferðakostnaður er að vísu almennt í einkamálum talinn til málskostnaðar, en landamerkjámál hafa þá sérstöðu, að ferðalög dómenda eru þar nauðsynleg og lögboðin, og virðist því sanngjarnt, að ferðakostnaður sé greiddur úr ríkissjóði. Í frumvarpi þessu er lagt til, að núgildandi skipan í landamerkjadómsmálum sé breytt og að ferðakostnaður og kaup merkjadómsmanna verði hér eftir greitt úr ríkissjóði. Ákvæði um kostnaðargreiðslu eru því felld niður úr 1. mgr. 8. gr. landamerkalaganna, og í stað 7. og 8. mgr. 9. gr. laganna kemur 7. efnismálsgreinin í 2. gr. frv., er mælir svo fyrir, að kaup og ferðakostnaður dómenda í merkjadómi greiðist úr ríkissjóði. Auk þess eru í frumvarpinu gerðar nokkrar smávægilegar breytingar, aðallega orðalagsbreytingar, á 8. og 9. gr. landamerkjaloganna. Verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Frumvarp um þetta efni var flutt á síðasta Alþingi, en náði þá eigi afgreiðslu. Er það því endurflutt nú og er nær óbreytt frá því í fyrra.